



Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar ehf.

Vesturvör 34, 200-Kópavogur Sími: 511-1515, Fax: 511-1511

Netfang: outgoing@gjtravel.is, veffang: www.ferdir.is

Ferð LEB til Vínarborgar 11.-16.maí 2018

11.05. Flogið til München með FI-532 klukkan 07:20 og lent klukkan 13:05. Þaðan er ekið til Vínarborgar þar sem gíst verður næstu 4 nætur. Í Vín munum við gista á Hilton Hotel Waterfront, sem er fyrsta flokks hótél á fallegum stað við Dónárbakka. Sameiginlegur kvöldverður á hóteli.

12.05. Farið í skoðunarferð um Vínarborg. Vín stendur á vesturbakka Dónár. Yfir miðjum gamla bænum gnæfir helsta kennileiti borgarinnar, Stefánsdómkirkjan og utan um gamla miðbæinn liggur hringstræti, varðað fögrum byggingum þar sem áður stóðu borgarmúrarnir.

Vínarborg var eitt sinn höfuðborg stórveldis. Þar bjuggu keisararnir af Habsborgarættinni lengst af og Vínarborg var keisaraborg allt til ársins 1918. Þar er því að finna glæsilegar hallir s.s. Schönbrunn og Hofburg sem voru sumar- og vetrarhallir keisaranna.

Vínarborg er einnig þekkt fyrir ríka tónlistarhefð. Meðal íbúa hennar í lengri eða skemmri tíma má nefna snillinga á við Mozart, Beethoven, Schubert, Strauss-feðga og marga fleiri. Margar tónlistarhallir eru í borginni og frægust er líklega Ríkisóperan (Staatsoper). Sameiginlegur kvöldverður á hóteli.



13.05. Frjáls dagur í Vínarborg. Sameiginlegur kvöldverður á hóteli.



14.05. Frjáls dagur í Vínarborg. Síðla dags er haldið til þorpsins Grinzing, sem er þekkt fyrir krárnar sínar og skemmtilegt andrúmsloft. Þar njótum við þess að smakka á víni heimamanna, snæða einfaldan kvöldverð, hlusta á vínartónlist og skemmta okkur saman.

15.05. Haldið frá Vín um morguninn og ekið til borgarinnar Linz, sem er næst stærsta borg Austurríkis. Þar skoðum við okkur um en höldum svo þaðan til smáþorpsins Schlögen þar sem við stígum um borð í fljótaskip og siglum upp Dónárdal til borgarinnar Passau í Þýzkalandi. Passau er oft nefnd þriggja fljóta borgin því þar renna saman árnar Dóná, Inn og Ilz. Þegar þangað kemur bíður okkar rúta á árbakkanum, sem ekur okkur á hótél, þar sem gistum síðustu nóttina. Sameinginlegur kvöldverður á hóteli.

16.05. Ekið klukkan 09:00 frá Passau til München-flugvallar og flogið þaðan með FI-533 klukkan 14:05 til Keflavíkur.



Áætlað verð á mann: 182.500,-

Innifalið í verði er flug, flugvallaskattar, gisting í tveggjamanna herbergi, morgunverður, 5 kvöldverðir, skoðunarferð um Vínarborg, aðgangseyrir þar sem hann á við, sigling á Dóná til Passau, allur akstur samkvæmt lýsingu og íslensk fararstjórn.

Verð miðast forsendur og gengi 31.01. 2018 og minnst 35 manna hóp.

Hvað aðra skilmála varðar vísast í “almenna ferðaskilmála á heimasíðu okkar ferdir.is.